



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 22. febrúar 2022
Tilvísun: M22020257 / 00.08.00 Almennt

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 33. mál - þskj. 33.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 10. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa vísar til fyrri umsagnar sinnar um sama mál frá 22. mars 2021 og hvetur Alþingi til að veita þingsályktunartillögu þessari brautargengi og stuðla þar með að því að uppbyggingu þessa mikilvæga samgöngumannvirkis verði komið í kring eins fljótt og unnt er.

Ferðamálastofa telur jákvætt og hvetur til þess að ráðist verði í uppbyggingu á vegum landsins og að farið verði í hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar sem heilsársvegar. Ástand vegarins er mjög slæmt en viðhaldi og endurbótum vegarins hefur ekki verið sinnt á undanförunum árum og áratugum.

Umferð um þjóðvegi landsins hefur aukist með mikilli fjölgun ferðamanna. Því er mikilvægt að samgöngumál þróist í takt við fjölgun ferðamanna. Góðar samgöngur hjálpa til að byggja grunn undir ferðaþjónustu og vegna aukins fjölda ferðamanna er brýnt að vegir séu greiðir og áhersla sé á öryggi ferðamanna. Afar mikilvægt er að þróun samgangna miðist við þarfir og breytingar í ferðamennsku og ferðaþjónustu á komandi árum.

Uppbygging Skógarstrandarvegar mun án efa hafa töluverð og jákvæð áhrif á byggðapróun. Bættar samgöngur veita aukna möguleika á þróun, nýsköpun og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu en svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sökum náttúrufergurðar, sögu og menningarhefða. Góðar, greiðar og öruggar samgöngur eru grundvöllur að búsetu, atvinnulífi og samskiptum og eru líklegri til að stuðla að; jákvæðari upplifun heimamanna og ferðamanna, aukinni dreifingu ferðamanna, fjölgun og fjölbreyttari atvinnumöguleikum og því að hindra íbúaflóttu af svæðinu.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs.